

**Fundargerð 19. fundar
bæjarráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
13. mars 2019 , kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Þór Ólafsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon,
Daði Bergþórsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

1. Fjármál og rekstur almennt - 1903030

Kynning á ávöxtunar- og þjónustuleiðum. Elísabet Þórarinsdóttir fjármálastjóri situr fundinn undir þessum lið.

Afgreiðsla:

*Bæjarráð lýsir ánægju sinni með þá vinnu við fjármálastýringu sem er í gangi.
Bæjarstjóra og fjármálastjóra er falið að móta minnisblað um ávöxtunarleiðir sem lagt verður fyrir næsta fund bæjarráðs.*

2. Tillaga til þingsályktunar um stöðu sveitarfélaganna á Suðurnesjum - 1903015

Afgreiðsla:

Sviðsstjóra falið að skrifa umsögn um tillöguna og skila fyrir 19. mars n.k.

3. Styrkir til félagasamtaka vegna fasteignagjalda - 1902033

Erindi frá Útskálasókn.

Afgreiðsla:

Erindi samþykkt með vísan í samþykkt bæjarráðs vegna sambærilegra erinda á 18. fundi ráðsins 27.02.2019.

4. Samstarfssamningar félagasamtök - 1901039

Afgreiðsla:

*Bæjarráð tekur undir tillögur íþróttá- og tómstundaráðs um breytingar á samningi við Gólfklúbb Sandgerðis og íþróttá og tómstundafulltrúa falið að fullklára samninginn.
Samningum vísað með áður nefndum breytingum til bæjarstjórnar til staðfestingar.*

5. Íþróttamiðstöðvar 2019 - 1901050

Sumaropnun íþróttamiðstöðva.

Afgreiðsla:

*Bæjarráð óskar eftir kostnaðargreiningu vegna samræmingar í opnunartíma
íþróttamiðstöðva og að minnisblað þess efnis verði lagt fyrir næsta fund bæjarráðs.*

6. Sameining staða verkefna - 1809074

19. fundur bæjarráðs
14.03.2019

Minnisblað um stöðu verkefna.

Afgreiðsla:

Minnisblað lagt fram.

7. Málþing og ráðstefnur - 1903032

Málþing um loftslagsmál.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

Fundi slitið kl. 17:10.

Ólafur Þór Ólafsson

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Magnús Sigfús Magnússon

Daði Bergþórsson

Bergný Jóna Sævarsdóttir